

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa starfsfólks í leikskólum og leikskólastjóra um opnun Brákarborgar

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 3. október 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa starfsfólks í leikskólum og leikskólastjóra:

Óskað er eftir upplýsingum um hvers vegna leikskólinn Brákarborg var opnaður áður en hann var tilbúinn og hvernig skóla- og frístundasvið ætlar að koma til móts við starfsfólk sem hefur unnið undir ómanneskjulegum aðstæðum um leið og þau hafa verið að aðlaga inn börn og sinnt daglegum rekstri. Vinnuaðstæður barna og starfsfólks í Brákarborg eru algjörlega óviðunandi. Það er ólíðandi að starfsfólki og börnum í leikskólum sé ítrekað boðið upp á óviðunandi vinnuaðstöðu í lok breytinga á leikskólahúsnæði hvort sem er eftir viðgerðir vegna myglu eða reglubundins viðhalds.

Svar:

Megin ástæða þess að leikskólinn Brákarborg var opnaður áður en að öllum framkvæmdum var að fullu lokið var sú að neyðarstaða var komin upp varðandi annan leikskóla sem þurfti að flytja úr sínu húsnæði vegna rakamála og þurfti á eldra húsnæði Brákarborgar að halda. Margir verkþættir voru á áætlun en því miður varð seinkun á nokkrum verkþáttum. t.a.m. vinna á lóð leikskólans sem og á bílastæði framan við leikskólann þar sem aðkoma að honum er. Einnig komu í ljós vankantar á búnaði sem búið var að setja upp, svo sem loftræstikerfi, ljósabúnaði og fleiru eftir að leikskólinn hóf starfsemi sína í nýja húsnæðinu. Í upphaflegu skipulagi var ekki gert ráð fyrir því að yngstu börnin myndu vera í nýju starfsstöðinni og því hefur þurft að aðlaga aðbúnað á yngstu deildinni. Margvíslegar úrbætur hafa verið gerðar og starfsaðstaða starfsfólks og barna er góð. Unnið verður áfram að endurbótum.

Skóla- og frístundasvið leggur áherslu á að vanda til verka þegar um er að ræða flutninga og aðgerðir sem snúa t.d. að því þegar raki kemur upp í húsnæði og haga málum þannig að það valdi sem minnstu álagi á börn, starfsfólk og foreldra. Þá er skóla- og frístundasvið og Reykjavíkurborg sífellt að endurskoða verklag og ferla í slíkum málum og læra af reynslunni þannig að t.d. sú staða sem kom upp í Brákarborg komi ekki upp aftur.